10. maí 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á því að ávarpa þau mál sem hafa verið til umræðu á síðum fjölmiðla undanfarna daga. Svo það sé sagt *þá* ***líður skólinn aldrei ofbeldi*** og við gerum okkar allra besta við að koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri til ykkar. Ég vil benda á bæði viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi, sjá hér og jafnréttisáætlun skólans þar sem m.a. tekið er á kynbundnu ofbeldi og kynferðisofbeldi. Allt snýr þetta að góðri hegðun, að við séum góðar manneskjur í öllum samskiptum þannig að samferðafólki ***okkar líði ávallt vel*** í kringum okkur. Þá er gott að hafa hið forna máltak *Aðgát skal höfð í nærveru sálar* í huga og muna að við erum ólík, komum frá ólíkum bakgrunnum og að skilningur á okkar nánasta umhverfi er ekki alltaf eins. ***Þess vegna þurfum við að vanda okkur, alltaf.*** Og ef einhver skyldi velkjast í vafa um hvað ofbeldi er þá læt ég hér almenna skilgreiningu hugtaksins fylgja með:

**Ofbeldi er hegðun sem skaðar aðra eða veldur þeim sársauka. Ofbeldi gengur út á að stjórna, hræða og niðurlægja hinn aðilann með ýmsu móti, með það að markmiði að ná yfirráðum og viðhalda stjórn.**
**Helstu birtingarmyndir ofbeldis geta verið líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt, andlegt og/eða félagslegt, stafrænt(samfélagsmiðlar) eða fjárhagslegt.**

Kæru nemendur, ég biðla til ykkar um að huga vandlega að þessum málum. Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er öflugt skólasamfélag og við höfum, alla tíð, lagt á það áherslu að hér líði öllum vel. Að hér fái ungt fólk tækifæri til að vaxa og dafna bæði í námi og í leik. Höldum því áfram, stöndum saman vörð um skólann okkar og okkur sjálf.

Í dag er síðasti kennsludagur. **Á morgun svokallaður námsversdagur, frá kl. 08:30 – 11:50**, sjá lista yfir stofur og kennara hér. Endilega nýtið tækifærið og hittið kennara ykkar á morgun til að rifja upp og fara yfir námsefni annarinnar. Passið vel upp á að skila öllum lokaverkefnum og reynið hvað þið getið að vanda til verka. **Fyrsti prófdagur er svo fimmtudagurinn 12. maí** og er fyrsta prófið í íslensku, klukkan 08:30.

Gangi ykkur vel í prófunum og ef eitthvað er þá eruð þið ávallt velkomin hingað upp á skrifstofuganginn eða til námsráðgjafanna á fyrstu hæð.

Með bestu kveðju,

Erla

_____

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli

GRÆN SKREF
í rikisrekstri

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022